


Staða lífeyrissjóðanna árið 2012

Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins er að finna skýrslu um ársreikninga lífeyrissjóða fyrir árið 2012. Þar er jafnframt að finna excel skjal sem inniheldur talnaefni skýrslunnar. Helstu niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna, samtrygginga- og séreignardeilda, þ.e. ávöxtun umfram verðbólgu, var 7,3% samanborið við 2,45% á árinu 2011. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. fimm ár er -2,4%. Raunávöxtun sjóðanna hefur farið batnandi frá bankahruninu og var síðasta ár það besta frá árinu 2006.



Eignir samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna námu tæplega 2.159 milljörðum króna í árslok 2012 samanborið við um 1.890 milljarða króna í árslok 2011. Nemur aukningin um 14% sem samsvarar jákvæðri raunaukningu upp á 9,1% miðað við vísitölu neysluverðs.

Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila á árinu 2012 jókst um 12% og nam 382 milljörðum króna. Séreignarsparnaður í heild nam um 15 % af heildareignum lífeyriskerfisins í árslok 2012. Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 236 milljörðum króna en 146 milljarða króna í vörslu annarra vörsluaðila.

Heildareignir lífeyriskerfisins, þ.e. allra samtrygginga- og séreignadeilda lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila, námu 2.540 milljörðum í árslok sem samsvarar um 149% af vergri landsframleiðslu (VLF).

Iðgjöld til samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna hækkuðu um tæp 6,8% á milli ára eða úr 103 milljörðum króna í árslok 2011 í rúmlega 110 milljarða króna í árslok 2012. Gjaldfærður lífeyrir var rúmlega 74 milljarður króna árið 2012 en var 66 milljarðar króna árið 2011. Iðgjöld til

séreignasparnaðar námu um 29 milljörðum króna á árinu 2012 sem er lækkun um einn milljarð frá árinu áður. Útgreiddur lífeyrir séreignasparnaðar nam um 22,7 milljörðum króna en þar af voru um 14,4 milljarðar vegna tímabundins bráðabirgðaákvæðis í lögum. Útgreiðslur vegna þessa ákvæðis lækkuðu umtalsvert milli ára eða nálægt 9 milljörðum króna.

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði skal vera jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga samtryggingadeilda lífeyrissjóða sem eru án ábyrgðar. Komi í ljós við tryggingafræðilega athugun að of mikill munur sé á eignum og skuldbindingum ber lífeyrissjóði að grípa til viðeigandi ráðstafana til að ná jafnvægi milli eigna og skuldbindinga. Á liðnu ári var framlengt bráðabirgðaákvæði VI í lífeyrissjóðalögum, sem heimilaði lífeyrissjóðum að hafa þennan mun allt að 13% fyrir árið 2012, án þess að gera breytingar á samþykktum sjóðsins. Þetta ákvæði gildir til ársloka 2013.

18 deildir lífeyrissjóða án ábyrgðar voru með neikvæða tryggingafræðilega stöðu í árslok 2012, en engin með halla yfir 13%. Þeir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélags eru undanþegnin ákvæðum laganna sem fjalla um jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Lítil breyting er á stöðu þessara sjóða á milli ára en verulegur halli er nánast hjá þeim öllum.


Þrátt fyrir góða ávöxtun samtryggingardeilda lífeyrissjóða á liðnu ári versnaði heildar tryggingafræðileg staða lítilega eða um tæpa 6 milljarða kr. og var neikvæð um 673 milljarða króna við árslok 2012. Helsta ástæða þess er að skuldbindingar sjóðanna jukust umtalsvert vegna breytinga á forsendum um hækkandi lífaldur sjóðfélaga og að auki lækkaði endurmat verðbréfa milli ára. Mestur er hallinn hjá sjóðum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga eða um 574 milljarða króna.

Heildar staða:	Sjóðir með ábyrgð (ma. kr)	Sjóðir án ábyrgðar (ma. kr)	Samtals milljarðar kr.
Heildareignir + framtíð	893	2.636	3.529
Heildarskuldbindingar	1.467	2.735	4.202
Halli	-574	-99	-673
Halli sem % af skuldb.	-39%	-4%	-16%
Áfallin staða:			
Heildareignir	599	1.594	2.193
Áfallnar skuldbindingar	1.068	1.668	2.736
Halli	-469	-74	-543
Halli sem % af skuldb.	-44%	-4%	-20%

Um 13% af fjárfestingum lífeyrissjóðanna voru í óskráðum bréfum í árslok 2012 samanborið við um 7,4% í árslok 2009. Með óskráðum bréfum er átt við þau verðbréf sem ekki hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Gengisbundnar fjárfestingar námu 24% af heildareignum lífeyrissjóðanna, í árslok 2012 en 23% í árslok 2011.

Á myndinni hér að neðan sést skipting eigna samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna í árslok 2012 þegar „horft hefur verið í gegnum“ fjárfestingar í hlutdeildarskirteinum verðbréfa- og

fjárfestingasjóða. Eins og undanfarin ár er hlutdeild fjárfestinga í verðbréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga enn að aukast og var nærri helmingur af eignasafninu eða um 49%.



Athygli skal vakin á því að skýrslan verður aðeins birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Heimilt er að nota efni úr ritinu, enda sé heimilda getið.

Ársreikningabók Lífeyrissjóða 2012 – ásamt talnaefni